3. Breyting á aðalskipulagi Gaulverjabæjarhrepps 2003-2012, Flóahreppi, á spildu úr landi Ragnheiðarstaða. Landbúnaðarsvæði í stað svæðis fyrir frístundabyggð.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynntar tillögur að lýsingu eftirfarandi aðalskipulagsverkefna:

4. Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Bláskógabyggð, innan þéttbýlisins Reykholt. Nýr vegur að íbúðarsvæði austan grunnskóla (land Eflingar).
5. Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Bláskógabyggð vegna Reykjavegar. Breyting á legu og efnistökusvæði.
6. Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Bláskógabyggð. Norðurtún, efnistökusvæði í landi Syðri-Reykja við Brúará.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi breytingu á aðalskipulagi:

7. Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 í sameignarlandi Úthlíðar, Stekkholts og Hrauntúns í Bláskógabyggð. Nýtt efnistökusvæði við Höfðaflátir.

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

8. Deiliskipulag fyrir Geysissvæðið í Haukadal, Bláskógabyggð. Hverasvæði og nánasta umhverfi auk mögulegrar færslu á þjóðvegi.

9. Deiliskipulag fyrir Ragnheiðarstaði 2 lnr. 222006 í Flóahreppi. Nýtt lögbýli.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynntar eftirfarandi breytingar á aðalskipulagi:

10. Breyting á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 í landi Austureyjar 1. Svæði fyrir verslun- og þjónustu í stað íbúðarsvæðis.

11. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Stækkun Búrfellsvirkjunar.

12. Breyting á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 í landi Lækjarhvamms. Smávirðjun.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

13. Deiliskipulag fyrir frístundabyggðina Lambhagi úr landi Ölfusvatns við Þingvallavatn, Grímsnes- og Grafningshreppi.

14. Deiliskipulag 7 íbúðarhúsaloða úr landi Króks í Ásahreppi. Svæði sem kallast Miðmundarholt. Endurauglýsing.

15. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Vaðholt úr landi Ormsstaða. Frístundaloðir breytast í lögbýli.

16. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Illagil í landi Nesja í Grímsnes- og Grafningshreppi. Skilmálabreyting.

17. Deiliskipulag smávirðjunar í landi Lækjarhvamms í Bláskógabyggð.

18. Breyting á deiliskipulagi Austureyjar I og III í Bláskógabyggð. Lóð fyrir hótél/gistihús í stað íbúðarlóða.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá kl. 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögnum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni <http://www.granni.is/uppsveitirogfloahr/auglysingar.htm>. Skipulagstillögur nr. 4 – 9 eru í kynningu frá 2. til 23. október 2014 en tillögur nr. 10 – 18 frá 2. október til 14. nóvember 2014. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 4 – 9 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 23. október 2014 en 14. nóvember fyrir tillögur nr. 10 – 18. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Pétur Ingi Haraldsson,

skipulagsfulltrúi,
petur@sudurland.is

(2014016258

Útgáfud.: 30. september 2014

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **KNA Veitingar ehf.**

Kt.: 590914-1180.

Heimili og varnarþing: **Eyrarvegi 3, Þórshöfn.**

Dagsetning samþykktar er: 8. september 2014.

Stofnendur: Kadri Giannakaina Laube, kt. 200481-2759, Fjarðarvegi 10, Þórshöfn, Nikola Zdenko Peros, kt. 200277-2289, Bandaríkin.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 8. september 2014.

Formaður stjórnar: Kadri Giannakaina Laube.
Meðstjórnandi: Nikola Zdenko Peros.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Nikola Zdenko Peros.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sólveig Óladóttir, kt. 250962-5849, Ásatúni 38, Akureyri, Svala Sævarsdóttir, kt. 260766-4069, Vesturvegi 9, Þórshöfn.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er verslun og veitingasala, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2014016158

Útgáfud.: 30. september 2014

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Vaskir drengir ehf.**

Kt.: 570914-0220.

Heimili og varnarþing: **Framnesvegi 7, Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 7. september 2014.

Stofnendur: Hallgrímur Jónasson, kt. 090745-3959, Þorrasölum 9, Kópavogi, Björgvin P Hallgrímsson, kt. 010866-5619, Framnesvegi 7, Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 7. september 2014.

Stjórnarmaður: Hallgrímur Jónasson. *Varastjórn:* Guðbjörg Þorvaldsdóttir, kt. 130752-3659, Þorrasölum 9, Kópavogi.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Björgvin P Hallgrímsson.

Prókúruumboð: Björgvin P Hallgrímsson, Hallgrímur Jónasson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Íris Björk Hafsteinsdóttir, kt. 140875-5899, Smáraríma 25, Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er að halda utan um rekstur sem snýr að verklegum framkvæmdum í byggingariðnaði, einkum málningarvinnu. Fyrirtækið mun starfa sem verktaki í bæði minni og stærri verkum. Félagið mun greiða starfsmönnum laun og líklega vera með undirverktaka. Einnig mun félagið kaupa inn hráefni og verkfæri.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2014016169

Útgáfud.: 30. september 2014

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir: Slidda ehf.**Kt.: 560914-0670.**Heimili og varnarþing: Dugguvogi 21, Reykjavík.**Dagsetning samþykktar er: 9. september 2014.**Stofnendur: Unnar Gísli Sigurmundsson, kt. 050982-4679, Kleppsvegi 26, Reykjavík, Haraldur Leví Gunnarsson, kt. 180887-2379, Kelduhvammí 9, Hafnarfirði.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 9. september 2014.**Formaður stjórnar: Unnar Gísli Sigurmundsson. Meðstjórnanndi: Haraldur Leví Gunnarsson. Varastjórn: Sigríður Unnur Lúðvíksdóttir, kt. 080787-2439, Kleppsvegi 26, Reykjavík.**Firmað ritar: Stjórnarmaður.**Framkvæmdastjórn: Haraldur Leví Gunnarsson.**Prókúruumboð: Haraldur Leví Gunnarsson.**Skoðunarmaður/endurskoðandi: Uppgjör og skattskil ehf., kt. 591112-0230, Nethyl 2b, Reykjavík, Einar Rúnar Einarsson, kt. 200276-2999, Haukalind 11, Kópavogi.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Tilgangur félagsins er hljóðupptaka, tónlistarútgáfa, tónleikahald og skyld starfsemi ásamt tilheyrandi eignum og lánastarfsemi.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2014016170

Útgáfud.: 30. september 2014

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir: Örvar ehf.**Kt.: 570914-0140.**Heimili og varnarþing: Gljúfraseli 11, Reykjavík.**Dagsetning samþykktar er: 5. september 2014.**Stofnendur: L&E ehf., kt. 530514-0560, Gljúfraseli 11, Reykjavík.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 5. september 2014.**Stjórnarmaður: Liya Yirga Behaga, kt. 160291-3979, Gljúfraseli 11, Reykjavík. Varastjórn: Guðjón Ebbs Guðjónsson, kt. 020583-4799, Gljúfraseli 11, Reykjavík.**Firmað ritar: Stjórnarmaður.**Prókúruumboð: Liya Yirga Behaga.**Skoðunarmaður/endurskoðandi: PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, Reykjavík.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Tilgangur félagsins er hreingerningarþjónusta, kaup og leiga á fasteignum, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2014016174

Útgáfud.: 2. október 2014

Stefna - f.h. Orkuveitu Reykjavíkur*Aðilar málsins eru:**Stefnandi: Orkuveita Reykjavíkur - vatns og fráveita sf., kt. 591213-0160, Bæjarhálsi 1, Reykjavík.**Stefndi: Sani Ramaj, kt. 010178-2669, Noregi.**Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Anna Svava Þórðardóttir hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.*

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 33.735, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 6.747 frá 2. júní 2013 til 2. júlí 2013, af kr. 13.494 frá 2. júlí 2013 til 5. ágúst 2013, af kr. 20.241 frá 5. ágúst 2013 til 2. september 2013, af kr. 26.988 frá 2. september 2013 til 2. október 2013, af kr. 33.735 frá 2. október 2013 til greiðsludags. Auk þess er krafist staðfestingar á lögveðsrétti fyrir kröfunni í eignarhluta stefnda í fasteigninni Iðufelli 2, Reykjavík, fnr. 205-2521. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalmeðferð málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á framlögðum álagningarseðlum vatns- og fráveitugjalda fyrir árið 2013. Krafan sundurliðast svo:

Nr.	Útgáfudagur	Gjaldldagi	Fjárhæð
1.	02.06.2013	02.06.2013	6.747
2.	02.07.2013	02.07.2013	6.747
3.	05.08.2013	05.08.2013	6.747
4.	02.09.2013	02.09.2013	6.747
5.	02.10.2013	02.10.2013	6.747

Samtals gera þetta kr. 33.735, sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Skuld þessi er samkvæmt álagningarseðlum vatns- og fráveitugjalda á fasteign stefnda að Iðufelli 2, Reykjavík, fnr. 205-2521. Um er að ræða vatns- og fráveitugjöld fyrir árið 2013. Krafist er staðfestingar á lögveðsrétti í fasteign stefnda til tryggingar kröfu stefnanda í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Stefndi hefur skráð lögheimili í Noregi skv. þjóðskrá en ekki hefur tekist að birta fyrir honum greiðsluáskorun þar í landi, sbr. framlögð bréfasamskipti við embætti sýslumannsins í Keflavík. Á

stefnandi því ekki annarra kosta völ en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991. Áskilinn er réttur til frekari röksemdafærslu og framlagningar gagna eftir því sem tilefni gefst til. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfu sína á meginreglum samninga- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga sem og lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, einkum 6. og 9. gr., og 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, einkum 14.-16. gr. Kröfu um staðfestingu lögveðsréttar byggir stefnandi á 9. gr. laga nr. 32/2004 og 16. gr. laga nr. 9/2009. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu stefnu vísast til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

Álagningarseðlar vatns- og fráveitugjalda, gjaldstöður vatns- og fráveitugjalda, afrit innheimtuviðvarana, útskrift úr Fasteignaskrá Íslands, upplýsingar úr þjóðskrá, veðbókavottorð, bréfasamskipti við embætti sýslumannsins í Keflavík, útprentun úr Lögbirtingablaði því er stefna birtist í og málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í dómhúsi héraðsdómsins við Lækjartorg, Reykjavík, þann 6. nóvember 2014, kl. 10.00, og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 22. september 2014.
F.h. stefnanda,
Anna Svava Þórðardóttir hdl.

(2014016254

Útgáfud.: 2. október 2014

Stefna - vegna ógildingar á veðskuldabréfi

**Dómstjórinn í Reykjavík,
Dómhúsinu við Lækjartorg,
Reykjavík,**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Garðar Briem hrl., Lögfræðistofu Sóleyjargötu 17 s.f., Reykjavík, f.h. Gunnars Viðars Árnasonar, kt. 290682-5769, áður til heimilis að Hringbraut 107, Reykjavík, en nú til heimilis að Klukkuholti 15, Álftanesi, að hann þurfi, að fengnu leyfi lögum

samkvæmt, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 6.300.000, útgefnu hinn 8. nóvember 2007 af Kristilegu bókabúðinni, kt. 560986-1819, Baldursgötu 6, Reykjavík, sem skuldara til stefnanda sem kröfuhafa, tryggðu með 2. veðrétti og uppfærslurétti að húseigninni nr. 9 við Aðalstræti hér í borg, fastanúmer 229-6386, núverandi eign Gunnarsfells ehf., kt. 420608-0120, næst á eftir áhvílandi veðskuld á 1. veðrétti við Kaupþing banka, nú Arion banka, skv. veðskuldabréfi útgefnu 15. nóvember 2005, upphaflega að fjárhæð kr. 3.800.000.

Málavextir og málsástæður: Skuldari bréfsins var eigandi hinnar veðsettu eignar þegar bréfið var gefið út en seldi hana Gunnarsfelli ehf. með afsali útgefnu þann 16. september 2008. Við þá sölu varð skuldskeyting á kröfu skv. bréfinu með samþykki stefnanda og varð Gunnarsfell ehf. eftirleiðis skuldari að bréfinu. Stefnandi kveður skuldabréf þetta ekki að fullu greitt en það hafi glatast og ekki fundist þrátt fyrir mikla eftirgrennslan. Því sé honum nauðsynlegt að fá það ógilt með dómi.

Skjöl og önnur sönnunargögn: Stefnandi kveðst munu leggja fram staðfest ljósrit af veðskuldabréfinu og veðbókavottorð um hina veðsettu eign við þingfestingu málsins.

Áskorun og fyrirkall: Vegna þessa er hér með skorað á hvern þann sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta fyrir héraðsdóm Reykjavíkur, í þinghald sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg þriðjudaginn 11. nóvember 2014, kl. 10.00 árdegis til þess þar og þá að sanna rétt sinn til skuldabréfsins þar sem ella má búast við að það verði ógilt með dómi. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 23. september 2014,
Ingimundur Einarsson dómstjóri.

(2014016265

Útgáfud.: 3. október 2014

Stefna - f.h. Íslandsbanka hf.

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Íslandsbanki hf., lögfr.innh, kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, Reykjavík, vegna Íslandsbanka hf., útlánaþj., Lynghálslí 4, Reykjavík.

Stefndi: Sæmundur Steinar Sæmundsson, kt. 040560-2549, Norra Skeppspromenaden 15, 417 63 Göteborg, Svíþjóð.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Þórir Örn Árnason hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 6.826.019, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, frá 6. maí 2012 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Skuld þessi er samkvæmt skuldabréfi, 50% í erlendum myntum, útgefnu af Sæmundi Steinari Sæmundssyni þann 6. febrúar 2004 til Íslandsbanka hf., kt. 550500-3530, nú Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, sbr. ákvörðun fjármálaeftirlitsins dags. 14. október 2008.

Samið var um lán að fjárhæð að jafnvirði kr. 4.800.000 í 50% erlendum myntum sem endurgreiða ætti með 160 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti í fyrsta sinn þann 6. ágúst 2004. Lánið var veitt í USD 10.482, GBP 1.904, CHF 4.381, JPY 372.902, EUR 11.160 og ISK 2.400.000.

Skuldin bar vexti frá kaupdegi skuldabréfsins og skyldi bera breytilega vexti. Lánshluta í öðrum myntum en evrum og íslenskum krónum skyldu bera vexti sem voru þriggja mánaða LIBOR-vextir eins og þeir ákvarðast fyrir viðkomandi gjaldmiðil tveimur dögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils, að viðbættu tilgreindu vaxtaálagi. Með LIBOR-vöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði í London eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 að staðartíma í London á BBA-síðu Reuters. Lánshluti í evrum skyldi bera þriggja mánaða EURIBOR-vexti eins og þeir ákvarðast tveimur dögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils, að viðbættu tilgreindu vaxtaálagi. Með EURIBOR-vöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði í aðildarríkjum Evrópska myntbandalagsins eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 að staðartíma í Brussel á EURIBOR01-síðu Reuter. Lánshluti í íslenskum krónum skyldi bera þriggja mánaða REIBOR-vexti eins og þeir ákvarðast tveimur dögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils, að viðbættu tilgreindu vaxtaálagi. Með REIBOR-vöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði með krónur eins og þeir eru auglýstir af Seðlabanka Íslands kl. 11:00 að staðartíma í Reykjavík. Vextir skyldu greiðast í fyrsta sinn þann 6. maí 2004 og síðan á þriggja mánaða fresti út lánstímann.

Í 7. gr. samningsins kemur fram að verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfinu sé heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Heimilt sé að umreikna skuldina í íslenskar krónur miðað við skráð sölugengi lánveitanda á þeim gjaldmiðlum sem lánið samanstendur af kl. 12 á hádegi á gjaldfellingardegi. Greiða bæri dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu var lánveitanda sett að veði fasteignin Hátún 4, Reykjavík, fnr. 200-9995.

Skuldabréfinu var skilmálabreytt þann 28. nóvember 2008 og 12. maí 2009. Þann 30. nóvember 2011 var lánið endurreiknað í samræmi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Eftirstöðvar lánsins eftir endurútreikning námu kr. 6.611.221 og mynduðu nýjan höfuðstól lánsins í íslenskum krónum. Lánið skyldi bera vexti skv. 2. málsl. 4. gr. vaxtalaga, þ.e. vexti sem eru á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir eru skv. 10. gr. laganna þann 30. nóvember 2011, 3,90%. Vextir af nýjum höfuðstól reiknuðust frá 30. nóvember 2011. Lánið skyldi endurgreiðast með 129 afborgunum á þriggja mánaða fresti í fyrsta sinn þann 6. febrúar 2012.

Ekki var staðið við afborganir á endurútreiknuðu láni. Eftirstöðvar þess, er það var gjaldfellt þann 6. maí 2012

voru kr. 6.761.922 og áfallnir samningsvextir þann dag voru kr. 64.097, samtals. kr. 6.826.019 sem er stefnufjárhæð máls þessa.

Stefndi er búsettur í Svíþjóð en ekkert hefur orðið ágenzt í tilraunum stefnanda að hafa uppi á stefnda, sbr. meðfylgjandi yfirlýsingu þess efnis. Því er þessi stefna birt í lögbirtingablaði skv. a-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglna samningsréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum númer 7/1936. Einnig er vísað til vanefndaákvæða bréfsins sjálfs. Málið er rekið skv. 17. kafla laga 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur 1. mgr. 6. gr. III kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi byggir kröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efnidir fjárskuldbindinga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalið/-n skjal/skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Veðskuldabréf ásamt skilmálabreytingum.
4. Innheimtubréf, dags. 28. nóvember 2012.
5. Tilkynning um að birting hafi ekki tekist, dags. 10. apríl 2013.
6. Stöðuyfirlit.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, dómhúsinu v/Lækjartorg í Reykjavík, þann 6. nóvember 2014, kl. 10:00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 14. ágúst 2014.

F.h. stefnanda,

Þórir Örn Árnason hdl.

(2014016290

Útgáfud.: 3. október 2014

Stefna - vegna vefengingar á faðerni**Thi Binh Tran,
kt. 250277-2889,****Bólstaðarhlíð 40, Reykjavík**

gjörir kunnugt: Að hún þurfi f.h. ólöggráða dóttur sinnar, Kolbrúnar My Tran, kt. 210713-2200 til heimilis að Bólstaðarhlíð 40, Reykjavík að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Luong Manh Hung, kt. 170672-2759, víetnömskum ríkisborgara, Quan Ganh, Nhi Khe Commune, Thoung Tin district, Hanoi City, Vietnam.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þá kröfu að viðurkennt verði með dómi að stefndi sé ekki faðir barnsins, Kolbrúnar My Tran, kt. 210713-2200. Þá er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði samkvæmt málskostnaðarreikningi eða samkvæmt mati dómsins að viðbættum 25,5% virðisaukaskatti.

Málflutningsumboð: Flosi Hrafn Sigurðsson hdl., kt. 270685-2509, OPUS lögmönnum ehf., Austurstræti 17, Reykjavík, gætir hagsmuna stefnanda í máli þessu.

Málsatvik og málsástæður: Móðir stefnanda og stefndi gengu í hjónaband hinn 3. mars 2010. Móðir stefnanda hefur verið búsett hér á landi allt frá árinu 2001 en kynntist stefnda í einni af ferðum sínum til heimalandsins. Í kjölfar giftingar móður stefnanda og stefnda var reynt að afla stefnda dvalarleyfi á Íslandi, árangurslaust. Slitnaði í kjölfar þess samband þeirra. Þau hafa því aldrei búið langdvölum saman og eingöngu verið samvistum í heimsóknum móður stefnanda til Vietnam, um nokkurra vikna skeið í senn. Móðir stefnanda vinnur nú að því að fá skilnað gagnvart stefnda.

Móðir stefnanda kynntist íslenskum manni, Sigurði Má Sigþórssyni, kt. 040165-5259, eftir að hún gafst upp á sambandi sínu við stefnda og eignaðist með honum stefnda málsins. Samkvæmt fæðingarvottorði útgefnu af Hagstofu Íslands, dags. 15. nóvember 2013, sbr. dskj. nr. 3, er stefndi faðir barnsins, þar sem hann og móðir drengsins voru enn í hjónabandi er hann fæddist og stefndi því samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/2003, skráður faðir barnsins.

Að sögn móður stefnanda hefur hún ekki hitt stefnda síðan í febrúar 2012, þegar hún var í heimsókn í Vietnam. Voru þau því ekki í sama landinu á getnaðartíma barnsins sem hefur verið í kringum október 2012. Stefndi hefur aldrei komið hingað til lands og er móðir stefnanda fullviss um að ekki sé möguleiki á því að hann sé faðir drengsins. Þar sem barnið er rangfeðrað er nauðsynlegt að höfða mál þetta til vefengingar á faðerni stefnanda.

Móðir stefnanda hefur lýst annan mann, Sigurð Má Sigþórsson, kt. 040165-5259, föður stefnanda. Hefur hann gengist við faðerninu en á fæðingarvottorði kemur fram að hann sé lýstur faðir skv. fæðingarskýrslu.

Stefnandi byggir kröfu sína um vefengingu á faðerni á því að faðernið sé rangt og stefndi sé ekki faðir sinn. Stefnandi telur að sýna megi fram á það með mannerfðafræðilegum gögnum, sem aflað verði undir rekstri málsins, að stefndi sé ekki faðir barnsins og því sé nauðsynlegt að leiðrétta faðerni barnsins í samræmi við það. Er það fyrst og fremst vegna brýnna hagsmuna barnsins á því að vera ekki rangfeðrað sem mál þetta er höfðað.

Um birtingu stefnu: Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til b-liðar 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 (eml.). Stefnandi hefur allt frá því í nóvember 2013 reynt að fá stefnu birta fyrir stefnda. Stefnandi fékk upplýsingar um heimilisfang stefnda og sendi stefnu til birtingar til Vietnam, útgefna 28. nóvember 2013. Stefnt var að þingfestingu málsins þann 4. mars 2014. Þegar liða fór að þingfestingu fyrir lögmaður stefnanda að ýta á eftir upplýsingum um hvort tekist hefði að birta fyrir stefnda, hafði lögmaður stefnanda bæði samskipti við fulltrúa Utanríkisráðuneytisins sem sér um stefnubirtingar og einnig við ræðismann í Hanoi, Vietnam en án árangurs. Fór svo að stefnan var birt stefnda, en birtingarvottorð þess efnis barst ekki til Íslands fyrr en með bréfi Utanríkisráðuneytisins 10. apríl 2014, rúmunum mánuði eftir ætlaða þingfestingu málsins. Stefnandi gerði því aðra tilraun til stefnubirtingar fyrir stefnda, með stefnu sem útgefn var þann 2. apríl 2014 og send til birtingar til skömmu síðar. Stefnt var að þingfestingu málsins þann 9. október nk. Þegar liða fór að því að frestur til birtingar stefnu færi að renna út hafði lögmaður stefnanda enn á ný samband við starfsmann Utanríkisráðuneytis til þess að kanna hvort stefna hefði verið birt stefnda. Upplýsti starfsmaður Utanríkisráðuneytis að sendiráðinu í Peking hafi borist þær upplýsingar frá ræðismanni í Hanoi að stjórnvöld þar í landi neiti að taka við stefnunni og birta hana. Af þeim sökum telur stefnandi uppfyllt skilyrði b-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 90/1991. Bæði hefur sýnt sig að stjórnvöld í Vietnam valda ekki því verkefni að birta stefnuna innan settra tímamarka þó fyrri stefna hafi verið send til birtingar með verulega rúmun fyrirvara. Síðan hefur komið í ljós að stjórnvöld neita beinlínis að birta stefnu fyrir stefnda. Hafa stjórnvöld því látið hjá liða að annast birtingu stefnunnar í tvígang.

Þegar metið er hvort skilyrði séu til þess að birta stefnu þessa í lögbirtingablaði er nauðsynlegt að taka tillit til hagsmuna stefnanda af því að vera réttfeðruð. Sé frásögn móður stefnanda rétt verður auðvelt að sýna fram á að stefndi sé ekki faðir stefnanda, enda býr faðir stefnanda á Íslandi og verður hægt að kanna DNA-sýni úr þeim báðum til staðfestingar á faðerni barnsins. Engin réttarspjöll verða því fyrir stefnda þó stefna þessi verði birt í Lögbirtingablaði.

Lagarök: Um lagarök vísast til III. kafla barnalaga nr. 76/2003. Um varnarþing og lögsögu vísast til 8. og 9. gr. barnalaga nr. 76/2003. Um birtingu er vísað til b-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um málskostnað byggir á 22. gr. barnalaga nr. 76/2003, sbr. 11. gr. sömu laga. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun byggir á lögum nr. 50/1988 þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt vegna þjónustu sinnar. Stefnandi máls þessa er ekki virðisaukaskattsskyldur og er honum því nauðsyn að fá skattinn greiddan úr ríkissjóði.

Skýrslutökur fyrir dómi, sönnunargögn o.fl.: Áskilinn er réttur til að kalla móður stefnanda og Sigurð Má Sigþórsson til skýrslutöku fyrir dómi komi til aðalmeðferðar. Áskilinn er réttur til að kalla fleiri aðila til skýrslugjafar fyrir dómi, leggja fram ný gögn, hafa uppi frekari málsástæður og mótmæli á síðari stigum, ef tilefni gefst til. Stefnandi mun setja fram þá kröfu við fyrstu fyrirtöku málsins að dómari ákveði með úrskurði að gerð verði blóðrannsókn og mannerfðafræðileg rannsókn á aðilum málsins til þess að skera úr um hvort stefndi sé faðir stefnanda, sbr. 15. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi leggja fram eftirfarandi gögn:

1. Stefna þessi.
2. Skjalaskrá.
3. Fæðingarvottorð, dags. 15. nóvember 2013.
4. Hjúskaparvottorð, dags. 15. nóvember 2013.
5. Afrit stefnu sem útgefin var 28. nóvember 2013.
6. Löggilt skjalapýðing á stefnu, dags. 28. nóvember 2013.
7. Beiðni stefnanda um stefnubirtingu í Vietnam, dags. 9. desember 2013.
8. Afrit stefnu sem útgefin var 2. apríl 2014.
9. Löggilt skjalapýðing á stefnu, dags. 2. apríl 2014.
10. Beiðni stefnanda um stefnubirtingu í Vietnam, dags. 11. apríl 2014.
11. Bréf Utanríkisráðuneytisins, dags. 10. apríl 2014 ásamt birtingarvottorði.
12. Tölvupóstssamskipti við starfsmann Utanríkisráðuneytis vegna birtingar stefnu.
13. Tölvupóstssamskipti við ræðismanninn í Hanoi.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Luong Manh Hung, kt. 170672-2759, víetnömskum ríkisborgara, Quan Gan, Nhi Khe Commune, Thung Tin district, Hanoi City, Vietnam, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómhúsinu við Lækjartorg fimmtudaginn 6. nóvember 2014, kl. 10:00 er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar að hlýða og dóm að þola í framangreinda átt. Mæti stefndi ekki má hann búast við að útivistardómur geti gengið í málinu í samræmi við kröfur stefnanda.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 25. september 2014,
f.h. stefnanda,

Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.

(2014016291)

Útgáfud.: 3. október 2014

Stefna - f.h. Íslandsbanka hf.

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Íslandsbanki hf., lögfr.innh, kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, Reykjavík vegna Íslandsbanka hf., útlánþj., Lynghálslí 4, Reykjavík.

Stefndu: Júlíus Ágústsson, kt. 301272-3599, Laescuera179A, Urb. LaMarin, 0317 7 San Fulgencio, Alicante, Spáni og Jóhanna Soffía Símonardóttir, kt. 150977-5419, Laescuera179A, Urb. LaMarin, 0317 7 San Fulgencio, Alicante, Spáni.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Þórir Örn Árnason hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 18.465.835, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, frá 5. nóvember 2011 til greiðsludags. Inná skuldina hafa verið greiddar þessar innborganir: 23. apríl 2012 kr. 152.204, og 6. júní 2012 kr.

85.524, og verður tekið tillit til þeirra við uppgjör kröfunnar á innborgunardegi. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á skuldabréfi nr. 510-74-960665, útgefið 17. september 2004 af Júlíusi Ágústssyni. Skuldabréfið var upphaflega að fjárhæð kr. 10.320.000, og skyldi endurgreiða með 480 afborgunum á eins mánaðar fresti. Fastir vextir skyldu vera 3,50%. Bréfið er tryggt með 1. veðrétti í Stekkjarholti 4, Akranesi, fnr. 210-1369.

Eftirstöðvar skuldabréfsins er það var gjaldfellt þann 5. nóvember 2011 voru kr. 17.540.037. Áfallnir samningsvextir þann dag voru kr. 915.946, og bankakostnaður kr. 9.852, eða samtals kr. 18.465.835, sem er stefnufjárhæð máls þessa. Inn á skuldina hafa verið greiddar þessar innborganir: 23. apríl 2012 kr. 152.204 og 6. júní 2012 kr. 85.524, og verður tekið tillit til þeirra við uppgjör kröfunnar.

Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefndu eru búsett á Spáni og var reynt að birta greiðsluáskorun fyrir þeim þar. Birting tókst þó ekki sbr. meðfylgjandi tilkynningu um að birting hafi ekki tekist. Því er þessi stefna birt í lögbirtingablaði skv. a-lið, 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglna samningsréttarins um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936. Einnig er vísað til vanefndaákvæða bréfsins sjálfs. Málið er rekið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur 1. mgr. 6. gr. III kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi byggir kröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Veðskuldabréf nr. 510-74-960665.
4. Tilkynning um að birting hafi ekki tekist, dags. 22. janúar 2014.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þann 6. nóvember 2014, kl. 10:00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu

stefndu og/eða fyrirvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 13. ágúst 2014.

F.h. stefnanda,

Þórir Örn Árnason hdl.

(2014016292)

Útgáfud.: 3. október 2014

Stefna - f.h. Mr. B slf.

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Mr. B slf., kt. 411008-0530, Fossahvarfi 8, Kópavogi, fyrirvarismaður Sigrún Bender, kt. 220377-3269, Fossahvarfi 8, Kópavogi.

Stefndi: Ambolt ehf., kt. 590911-0540, Fífuhjalla 3, Kópavogi, fyrirvarismaður Svanur Þór Sveinsson, kt. 171272-3279, Fífuhjalla 3, Kópavogi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ingólfur Kristinn Magnússon, hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 707.058, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001

af kr. 43.173 frá 22. júní 2013 til 29. júní 2013,

af kr. 101.682 frá 29. júní 2013 til 5. júlí 2013,

af kr. 136.019 frá 5. júlí 2013 til 6. júlí 2013,

af kr. 172.883 frá 6. júlí 2013 til 25. júlí 2013,

af kr. 236.396 frá 25. júlí 2013 til 10. ágúst 2013,

af kr. 289.446 frá 10. ágúst 2013 til 17. ágúst 2013,

af kr. 389.346 frá 17. ágúst 2013 til 23. ágúst 2013,

af kr. 436.954 frá 23. ágúst 2013 til 31. ágúst 2013,

af kr. 513.780 frá 31. ágúst 2013 til 1. desember 2013,

af kr. 522.730 frá 1. desember 2013 til 6. janúar 2014,

af kr. 707.058 frá 6. janúar 2014 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. s.l. er leggst við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til áfallins löginneimtukostnaðar í samræmi við heimildir.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á reikningum á tímabilinu 12. júní 2013 til 27. desember 2013, heildarskuld kr. 707.058. Stefndi tók út vörur á þessu tímabili en um var að ræða ýmsar vörur á borð við GO Mini ROD 5, Go Mini Fashion Styler, 360°Irons 360°ROD vs 5, Deep cleansing shampoo, Gentle Cleaning shampoo, Honey & oat shampoo, Intensive repair shampoo, Intensive mask, Treatment shampoo, Moisturising conditioner, Organic lemongrass, Orange blossom shampoo, Dry shampoo Blow out shampoo, Curl cream, Extreme hold hairspray, Hair glue, Heat protection spray, Hold and gloss spray, sea salt spray, shine spray og margt fleira.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi er með með skráð lögheimili í auðu og yfirgefni húsi og birting ekki tekist af þeim sökum. Í

ljósi þess er ekki möguleiki að grennslast fyrir um heimilisfang stefnda nánar til að birta stefnu. Að þessum sökum er nauðsynlegt að birta stefnuna í Lögbirtingablaði, sbr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Lagatílvísanir: Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu sömu laga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III og V kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 33. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram afrit reiknings, stöðuyfirlit kröfu, lokaaðvörun fyrir lögfræðilega innheimtu, löginneimtuþréf og ítrekun löginneimtuþréfs.

Áskorun og viðvörun: Hér með er skorað á Svan Þór Sveinsson, kt. 171272-3279, Fífuhjalla 3, Kópavogi, fyrir hönd Ambolt ehf., kt. 590911-0540, Fífuhjalla 3, Kópavogi, að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði, þann 5. nóvember 2014, kl. 9.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Kópavogi, 2. október 2014.

F.h. stefnanda,

Ingólfur Kristinn Magnússon hdl.

(2014016329)

Lögbirtingablað,

82. tölublað 2014.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.